



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Starfsáætlun

2023 – 2024



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans – Vellíðan og virðing	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023.....	5
3 Innra mat - Fjara	11
4 Innra mat – Tjörn	12
5 Innra mat – Laut.....	16
6 Innra mat - Mói.....	18
7 Innra mat sérkennslu.....	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
5 Innra mat – fjöltyngd börn	24
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	26
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	27
8 Foreldrasamvinna.....	27
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	28
10 Fylgigögn	28
10.1 Fylgiskjal 1 - Leikskóladagatal	28
10.2 Fylgiskjal 2 – Aðgerðaráætlun - Réttindi barna á Íslandi.....	28
10.3 Fylgiskjal 3 – Framvinda í verkefninu Réttindi barna á Íslandi	28
10.4 Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs	28



Leiðarljós leikskólans – Velliðan og virðing

1 Greinargerð leikskólastjóra

Fyrsta árið okkar í Ævintýraborg við Eggertsgötu hefur gengið vonum frammar. Það er eiginlega ótrúlegt að hugsa til þess að það sé bara rúmt ár síðan við opnuðum því það hefur svo ótal margt gerst á þessu eina ári. Árið hefur bæði verið svo ótrúlega skemmtilegt en líka krefjandi. Við vorum að gera svo margt í fyrsta skipti: Fyrsta jólaballið, fyrsta foreldrakaffið, fyrsta sumarhátíðin, fyrsta Barnamenningarhátíðin, fyrsta afmælið o.s.frv. Svo margar frábærar minningar.

Við höfum samt enn ekki fengið allan leikskólann afhentan því aukahúsið okkar hefur verið í láni. Síðasta haust fór Ævintýraborg við Nauthólsveg í sinn leikskóla en þau höfðu verið hjá okkur frá opnun. Í þeirra stað kom hluti af leikskólanum Grandaborg og hafa þau verið hjá okkur í vetur þar sem þurfti að loka Grandaborg vegna myglu. Samstarfið hefur gengið mjög vel og munum við sakna þess að hitta þau ekki þegar þau fara frá okkur í haust þó okkur hlakki líka mikið til að fá elstu deildina okkar afhenta. Garðurinn okkar hefur haldið óbreyttri mynd nánast frá opnun en nú loksins er byrjað að vinna í honum og svo verða geymslurnar og aukahúsið okkar málað í sumar. Það er mikil tilhlökkun í okkur.

Starfið hefur mótast mjög mikið á þessu ári og höfum við náð að byggja upp okkar sýn og mikil ígrundun um starfið hefur átt sér stað. Við höfum verið að gera allskonar breytingar og prófað okkur áfram til að skoða hvað virkar best. Allir hafa áhrif og velliðan barnanna og okkar er í fyrirrúmi. Við höfum verið virk í þróunarverkefninu „Réttindi barna á Íslandi“ sem er samstarfsverkefni 6 leikskóla, Unicef og Háskóla Íslands og má segja að það hafi gefið okkur mikið inn í starfið. Ómetanlegt að læra af og læra með þessu frábæra fólki í verkefninu.

Á eins árs afmælinu okkar héldum við partý, við buðum Ævintýraborgurum, vinum og velunnurum. Á afmælinu frumsýndum við kynningarmyndbandið okkar sem Mixtúra hjálpaði okkur að gera. Við bjuggum til bíosal í undirbúningsherberginu og var öllum boðið í bíó, Jelena bauð gestum og gangandi að skapa listaverk, við vorum með ljósmyndasýningu sem sýndi ferlið að opna nýjan leikskóla og svo var auðvitað afmæliskaka. Virkilega vel heppnað!

Við höfum öll lært og vaxið svo mikið á þessu ári. Við fengum alls konar fræðslu inn á starfsdögum og nýttum þá mjög vel. Við tókum þátt í Menntafléttunni og svo var líka starfsfólk í skóla. Við tókum einnig á móti nema í leikskólakennarafræðum og var það mjög lærdómsríkt fyrir okkur. Það verður virkilega spennandi að fara inn í nýtt starfsár reynslunni ríkari. Starfsmannahópurinn hefur verið nokkuð stöðugur þrátt fyrir ýmsar breytingar og má segja að það sé búinn að myndast ákveðinn kjarni. Við eigum samt eftir að ráða nokkra inn fyrir haustið, þegar þetta er ritað, enda að opna nýja deild. Það hefur verið talsvert mikið um veikindi þetta árið, bæði langtíma og önnur veikindi en það er án efa eðlilegt þar sem flestir áttu eftir að byggja upp ónæmi fyrir þeim



pestum sem ganga í leikskólum. Svo hefur stytting vinnuvikunnar oft reynst okkur þung, sérstaklega þegar hefur verið mikið um veikindi. Það urðu einnig tvö stór áföll í hópnum, annað þegar starfsmaður veiktist alvarlega og hitt þegar foreldri í leikskólanum lést. Á stundum sem þessum sést glögglega hve samkenndin í leikskólanum er mikil og foreldrahópurinn yndislegur.

Á næsta skólaári verða mörg spennandi verkefni í gangi. Elsti árgangurinn fer á námskeið í Myndlistarskólanum í Reykjavík. Við munum halda áfram í réttindaskólaverkefninu „Réttindi barna á Íslandi“. Vonandi næst líka að opna efnisveituna og sköpunarmiðjuna í geymslunum okkar. En fyrir það verkefni fengum við styrk frá Sprotasjóði og miðar það að því að safna saman ýmsum efniviði sem til fellur hjá heimilum og fyrirtækjum í efnisveitu sem leikskólar og jafnvel grunnskólar og frístund geta leitað í. Markmið verkefnisins er einnig að vinna með sköpun og tækni með yngstu börnunum í samstarfi við Mixtúru, sem er sköpunar- og upplýsingatækniver SFS og Háskóla Íslands. Spennandi tímar framundan!

Þegar ég hugsa til baka þá hefur þetta verið einstaklega lærdómsríkt ár og minningarnar sem tengjast Ævintýraborg við Eggertsgötu fallegar. Einstakur tími í góðum félagsskap. Ég óska þess af öllu hjarta að Ævintýraborgin okkar muni halda áfram að dafna á komandi árum.

Kristín Petrína Pétursdóttir

Leikskólastjóri



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Réttindi barna á Íslandi Barnasáttmála-verkefnið	Matið fór fram á deildarfundum og stjórnendafundum.	Starfsfólk og stjórnendur.	Markmiði var náð. Deildirnar voru með mismunandi áherslur og höfum við öll lært hvert af öðru. Í fylgiskjölum er farið nánar út í framvindu verkefnisins.
Tákn með tali	Metið á stjórnendafundi að vori	Stjórnendur	Það gekk vel að setja nýtt þema á baðherbergi og sló það í gegn. Búið að tákna mikið af lögum og þau nýtt í söngstundum. Við fengum ekki fræðslu inn á hálfan starfsdag en hluti hópsins fór á námskeið áður en við opnuðum. Það er niðurstaðan að innleiðing gengur vel.
Starfsandi Vellíðan og virðing	Var metið með talningu á atburðum þetta skólaár. Samskiptasáttmáli var ekki gerður.	Skemmtinefnd og stjórnendur	Niðurstaðan er að það á eftir að gera samskiptasáttmála. Við geymdum það síðasta skólaár því það var ýmislegt annað í starfinu sem var meira aðkallandi. Það voru ýmsir viðburðir bæði í starfsmannahópnum og í vinnutíma sem ýttu undir vellíðan og gleði t.d.



			tónlist í matartímum, Óskars party og ýmislegt fleira. Mætti þó bæta við fleiri atburðum innan vinnutíma t.d. leikjum o.fl. Sjáum fullt af tækifærum til bóta
Matarstefnan Lengi býr að fyrstu gerð.	Metið af stjórnendum	Stjórnendur	Ákváðum að setja þessa framkvæmd á ís þar sem það er í mörg horn að líta þegar verið er að opna nýjan leikskóla. Tökum þetta aftur upp þegar við erum tilbúin. Keyptum samt gróðurhúsið þannig að það er búið.
Sköpunarsmiðja	Ekki metið	Enginn	Ekki var hægt að framkvæma þetta vegna utanaðkomandi aðstæðna. Fengum frest hjá Sprotasjóði. Verkefnið verður unnið næsta skólaár.



Ytra mat

Hvað var matið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Foreldarkönnunin	Spurninga-könnun til foreldra.	Foreldrar	<p>Leikskólinn kom vel út úr könnuninni og voru allir yfirþættir grænir. Nokkrir undirþættir komu á gulu.</p> <p>Það sem kom gult var aðbúnaður barna og þá er án efa átt við garðinn sem ekki er tilbúinn.</p> <p>Önnur atriði sem komu á gulu voru þau að foreldrar þekki ekki stefnu skólans, hafi ekki tekið þátt í mati á framförum barna sinna og að þeir séu ekki nægilega upplýstir og þátturinn að leikskólinn leiti eftir fillögum og hugmyndum foreldra var einnig gulur.</p>
Starfsmanna-könnunin	Spurninga-könnun til starfsfólks	Starfsfólk	Ekki fengust niðurstöður vegna ónógrar þátttöku.



Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024


UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hvernig og hvenær metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun/Ytra mat				
Hugmyndafræði Kynning	Að kynna stefnuna og áherslur betur fyrir foreldrum.	Kynna stefnu vel á haustfundi. Fá foreldra til að taka þátt í gerð námskrár.	Metið í næstu foreldrakönnun.	Að þessi þáttur komi á grænu.
	Hefst: Haust 2023 Lokið: Vor 2024 Ábyrgðaraðilar: Stjórnendur			
Námskrá	Að búa til námskrá leikskólans	Unnið að því á starfsdögum yfir árið og á fagfundum innan og utan vinnutíma.	Farið yfir hvern kafla á starfsdögum og skoðaður af hópnum eftir að faghópurinn hefur mótað kaflann. Foreldum gefið tækifæri á að lesa yfir og koma með ábendingar og hugmyndir.	Að almenn ánægja sé með áherslur í námskrá og þær endurspegli áherslur okkar í starfinu.
	Hefst: Á starfsdegi í ágúst Lokið: Fyrir 1.mars 2024 (á tveggja ára afmælinu okkar) Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri			
Uppeldis- og menntastarf				
Réttindi barna á Íslandi Barnasáttmála- verkefnið	Að halda áfram að skoða starfið okkar út frá réttindum og valdeflingu barna	Að koma á hlaðborði í matsal og breyta matsal Skoða hópastarf. Að auka þekkingu barna á	Metið einu sinni í mánuði á stjórnenda- fundum þar sem farið er yfir stöðuna. Metið á starfsdegi af öllum í janúar með umræðum um verkefnið og stöðumati.	Að við höfum náð að skoða hópastarfið og gera breytingar, að það komi fram í stöðumati að þekking barnanna á sáttmálanum hafi aukist og einnig að við



		Barnasáttmálanum.		höfum náð að koma á hlaðborði. Sjá aðgerðaráætlun í fylgiskjöllum.
	Hefst: Haust 2023 Lokið: Vor 2024 Ábyrgðaraðili: Allir starfsmenn			
Mannauður/ Leikskólabragur				
Samskiptasáttmáli	Gera samskiptasáttmála og plaggat.	Gera samskiptasáttmála og plaggat.	Hópavinna á starfsdegi að hausti Búa til plaggat og hafa það sýnilegt.	Viðmiðið er að búið sé að búa til samskiptasáttmála og plaggat.
	Hefst: Á starfsdegi að hausti Lokið: Að vori. Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri			
Innra mat				
Sköpunarsmiðja	Að búa til sköpunarsmiðju og efnisveitu.	Ráða verkefnastjóra.	Talningu og skráningu á notkun.	Að smiðjurnar séu nýttar að minnsta kosti fjórum sinnum í viku á fjölbreyttan hátt.
	Að koma á samstarfi við fyrirtæki og nágretta til að fá efnivið.	Finna samstarfsaðila.	Rýnihópum foreldra, barna og kennara.	Að öllum aðgerðum hafi verið lokið.
	Að þetta verði opið fyrir alla sem vilja.	Taka geymslurnar í gegn.		
	Að finna leiðir til að efla sköpun og tækni með yngstu börnunum.	Fá inn fræðslu um sköpun og tækni. Setja upp vefsíðu til að miðla og		



	Samstarf við Mixtúru og Hí.	Útbúa myndband.		
	Að efla starfsþróun.	Halda reglulegar vinnustofur.		
	Hefst: September 2023 Lokið: Lýkur í maí/júní 2024 Ábyrgð: Stjórnendur, listasmiðjustjóri og verkefnastjóri			



3 Innra mat - Fjara

Á Fjöru var ákveðið að taka inn stærri hópa í aðlögun og voru börnin tekin inn í þremur hópum. Vorum við með þrjú eins árs börn „Krílahóp“ sem voru á allt öðrum stað í líkamlegum og andlegum þroska en restin af börnunum á deildinni. Af þessum sökum var ekki fyllt í öll 15 plássin á deildinni fyrr en eftir áramót. Það var áskorun fyrir starfsfólk að finna dagskipulag sem hentaði flestum börnunum með tilliti til matartíma, svefns og hópastarfs sem dæmi.

Vegna þessa var matartímanum flýtt um 20 mínútur og fór Krílahópurinn alltaf fyrstur í mat þar sem börnin voru oft orðin mjög þreytt rétt fyrir hádegi.

Í byrjun apríl tókum við á móti 15. barninu á deildinni og þar með var barnahópurinn fullskipaður. Þá fundum við vel fyrir því að þörf var á nákvæmara dagskipulagi, meiri hópaskiptingu og minna flæði inni á deildinni sjálfri til að geta betur sinnt börnunum í minni hópum og haft betri yfirsýn.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Dagskipulag - hópaskipting	Stefnt er að því að auka yfirsýn yfir starfsemina á deildinni og að hvert barn fái tækifæri til að prófa sig áfram með mismunandi efnivið. Með hópaskiptingu þar sem starfsmaður er ekki með fleiri en fjögur börn í einu er ætlunin að geta veitt hverju barni aukna athygli, aukið tækifæri	Þegar er búið að skipta börnunum í fasta hópa (Gula-, Rauða-, Græna- og Krílahóp). Sett hefur verið upp dagskipulag þar sem hverjum hóp er úthlutaður tími fyrir mismunandi athafnir s.s. útiveru, sköpun, fínhreyfingar.	Hópaskipting: 4 hópar 3-4 börn í hverjum hóp Dagskipulag útprentað og hengt upp á vegg þar sem allir starfsmenn deildarinnar sjá. Hugmyndabanki þar sem hugmyndir eru flokkaskiptar svo það er auðvelt fyrir kennara að undirbúa hópastarfið.	Hópaskiptingin og dagskipulagið er endurmetið á deildarfundum. Mynda-skráningar eru gerðar hjá hverjum hóp. Farið yfir skráningar hjá hverjum hóp í janúar og aftur að vori.



	<p>til málörvunar og þátttöku í daglegum athöfnum s.s. leggja á borð og undirbúa hvíld.</p>	<p>Hver kennari er ábyrgur fyrir sínum hóp í tvær vikur í senn og undirbýr hópastarf út frá áætlun. Það er mikið rými fyrir kennarana til að ákveða hverju þau vilja vinna að með börnunum og er það ekki deildarstjóri sem undirbýr verkefnin. Farið er eftir áhugasviði barnanna og hugmyndir þeirra notaðar.</p>		
<p>Hefst: Ágúst 2023 Lokið: Júlí 2024 Ábyrgðaraðili: Deildarstjóri</p>				

4 Innra mat – Tjörn

Það hafa verið ýmsar breytingar á deildinni Tjörn frá hausti 2022 en þá var barnahópurinn frekar lífill og fáir starfsmenn, en svo hægt og rólega stækkaði deildin og í lok vorannar 2023 vorum við komin með fulla deild eða 15 börn og 5 starfsmenn, enda tvö stuðningsbörn í hópnum. Það hafa verið ein deildarstjóraskipti á tímabilinu,



tveir starfsmenn hafa verið fastir frá því í haust á deildinni en svo hafa tveir starfsmenn bæst við.

Deildin er í stöðugri þróun og starfið hefur tekið breytingum fram og til baka eftir því sem hentar. Þegar deildin er fullmönnuð er mest verið að vinna með flæði og sjálfstæði barnanna, þá er hlustað á þeirra vilja og reynt eftir bestu getu að stýra starfinu eftir honum. Þetta þýðir að þeir svengstu og þreyttustu fá til dæmis að fara fyrstir í mat, þeir sem vilja fara út fara út og þeir sem vilja vera lengur úti að leika fá að gera það. Inni á deild er oft boðið upp á hitt og þetta skemmtilegt að gera eins og mála, spila, henda grjónapúða og fleira og fá börnin að ráða því hvort þau taki þátt, sem er oftast raunin. Hvíldin á Tjörn hefur líka verið í ákveðnu flæði en börnunum er ekki ákveðin hvíldarstaður fyrir fram og án þeirra skoðana heldur fá þau sjálf að velja hvar þau vilja hvílast.

Það ríkir mikil fjölmennung á tjörn en hjá einungis 5 börnum af 15 er íslenska eina tungumálið sem er talað heima við. 2 barnanna eiga eitt íslenskt foreldri og annað erlent en þá eru 8 börn þar sem engin íslenska er töluð heima við, sem þýðir að málörvun hefur verið í forgangi á deildinni. Við höfum mest verið að vinna með „tákn með tali“, flæðilestur og söng til að efla málörvunina sem og setja orð á allar athafnir. Á Tjörn er haldin lítil söngstund eftir morgunmat á morgnana sem fangar athygli og áhuga flestra barnanna líðlega. Þá hafa starfsmenn valið 4 lög til að syngja í hverjum mánuði, 2 þeirra eru auðveld og 2 meira krefjandi. 2 auðveldari löggin eru oftast með „tákn með tali“ sem hjálpar með málþroska. Hin 2 meira krefjandi löggin hjálpa líka við málþroska og auka orðaforða. Söngstundin var gerð að föstum lið á deildinni í febrúar/mars og ágóði hennar var fljótt sjáanlegur.

Föstudagsbréfið sem deildin sendir foreldrum í lok hverrar viku, hefur komið á föstum lið í samtali starfsmanna á deildinni en þá tölum við öll saman um liðna viku, hvað var gert, hvað þarf að bæta og hvaða árangur og ávinning sáum við þegar þetta eða hitt var gert. Þessi litli rýnisfundur okkar styrkir og skýrir starfið svo liðin vika fær meira form og leysist ekki bara út í amstri dagsins.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Aðgengi barna að	Aðgengi í föndurdót.	Að hafa föndurdót alltaf í boði í þeirri hæð sem börnin bæði	Það er hægt að fylgjast með því hvort föndri sé að fjölga í	Í lok annar er hægt að telja verkin sem börnin eiga í



skapandi efnivið		sjá og ná til. Í ílátum sem auðvelt er að færa til og auðvelt er að ganga frá.	kössunum sem krakkarnir eiga.	kössunum sínum og sjá hvort þeim hafi ekki fjölgað frá því árið áður.
	Hefst: Hausti 2022 Lokið: Vor 2023 Ábyrgðaraðili: Deildarstjóri			
Hópastarf	Skipulagt starf.	Starfið mætti vera skipulegra á þann hátt að það sé eitthvað sérstakt gert með börnunum í hverri viku, eitthvað sérstakt og fyrirfram ákveðið þema, eitthvað sem þjálfar þau og eykur færni. Það væri hægt að taka mánuð fyrir á deildarfundum og ákveða saman hvað væri sniðugt að gera og hafa það skjalfest.	Það er hægt að tala um starfið á deildarfundum og meta hvernig það hefur gagnast börnunum. Vera jafnvel með eitthvað markmið hverju sinni og sjá hvort því sé náð. Til dæmis að perla og sjá hverjum hefur farið fram í fínhyfingum.	Í hverri deildarfundargerð ætti að vera hugmynd af þema vikunnar og afrakstur í formi mynda eða verka.
	Hefst: Hausti 2022 Lokið: Vor 2023 Ábyrgðaraðili: Deildarstjóri			
Skráningar	Skráningar.	Skráningar þyrftu að vera skipulagðari,	Í annarlök ætti hvert barn að vera komið með	Að minnsta kosti tvær skráningar á



		bæði svo þær séu gerðar og líka svo að ekkert barn gleymist. Það væri gott að taka eitt barn fyrir hverja viku og ná allavega einni góðri skráningu.	að minnsta kosti tvær skráningar í möppuna sína.	barn á önn og þá fjórar á ári.
	Hefst: Haust 2022 Lokið: Vor 2023 Ábyrgðaraðili: Deildarstjóri			
Undirbúnings- tímar	Undirbúningstímar	Það mætti festa undirbúningstíma fyrir alla svo að enginn gleymist, þá er líka hægt að gera ráð fyrir því að það sé manneskja út af deild í ákveðinn tíma á ákveðnum tíma.	Tékklisti hver er búinn með undirbúningstíma í hverri viku.	Fara yfir tékklistann og athuga hvort að starfsmenn hafi ekki almennt haft tíma til að fara í undirbúning.
	Hefst: Haust 2022 Lokið: Vor 2023 Ábyrgðaraðili: Deildarstjóri			
Deildarfundir	Deildarfundir.	Festa í annarskipulag vikulega deildarfundir á tíma sem hentar, til dæmis þegar hvíldin er, fá þá einhvern	Deildarfundir eru skráðir með fundargerð.	Fara yfir fundargerðir í lok annar og sjá hvort það hafi ekki verið deildarfundur einu sinni í viku á önninni.



		innan húss til að vera með þau sem vaka í hvíld.		
	Hefst: Hausti 2022 Lokið: Vori 2023 Ábyrgðaraðili: Deildarstjóri			
Útivera	Útivera.	Það mætti bjóða upp á meira ákveðið að gera úti en bara sitja og moka. Skipulagðir leikir, upplýstar gönguferðir með ákveðin lærdóm í huga, snúsnú o.s.frv.	Það er hægt að gera skráningar í útiverunni til dæmis með því að taka myndir.	Fara yfir myndirnar sem teknar voru á önninni og telja saman hvernig útiverunni var varið á annan hátt en þennan hefðbundna.
	Hefst: Hausti 2022 Lokið: Vori 2023 Ábyrgðaraðili: Deildarstjóri			

5 Innra mat – Laut

Deildin opnaði í haust þar sem að hún hafði verið í láni hjá leikskólanum Ævintýraborg við Nauthólsveg. Deildin var í umsjón annars deildarstjóra en síðan var skipt um deildarstjóra snemma á önninni og hefur sá deildarstjóri verið við síðan. Það varð stórt áfall fyrir deildina í upphafi annarinnar þegar að foreldri féll frá. Deildin hefur tekið miklum breytingum síðan þá og hefur verið töluvert um starfsmannaveltu á deildinni. Það hefur reynt á skipulagsfærni stjórnenda að púsla saman starfsfólki til þess að sporna við því að loka deildum vegna manneklu og mætti segja að skólaárið í heild sinni hafi einkenst af því.

Það tók lengri tíma fyrir sum börn að aðlagast en önnur og vegna starfsmannaveltu tók það tíma að finna taktinn í daglega amstrinu. Það hefur gengið vel að finna leiðir til að bjóða upp á fjölbreyttan efnivið fyrir börnin, þar sem að markmiðið var að finna



leiðir til að þjálfa ólíka færni barnanna. Þá var notast við að klippa, perla, teikna o.fl. til þess að þjálfa fínhyringar og holukubba, þrautabraut og annan álíka efnivið til að þjálfa grófhreyfingar. Í upphafi annar var ekki búið að koma á reglulegri samveru með börnunum en það hefur gengið vel eftir því sem leið á önnina að sjá til þess að markviss málörvun eigi sér stað í samveru daglega.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málörvun barnanna með sérstakri áherslu á tvítyngd börn.	Að auka málörvun tvítyngdra barna.	Með því að sníða auka samverustundir sérstaklega fyrir tvítyngd börn.	Litlar og hnitmiðaðar málörvunarstundir, gefðu 10, ítarlegri skráningar og aukin effirfylgni fyrir þau börn sem þurfa aukna málörvun.	Vel haldið utan um skráningu í upphafi annar þar sem að ákveðin atriði eru skoðuð og þetta síðan endurtekið yfir önnina.
	Hefst: Hausti 2023 Lokið: Vor 2024 Ábyrgðaraðili: Deildarstjóri			
Hópaskipting barnanna sem leið til þess að auka félagsfærni, örva mál- og hreyfiproska og bjóða börnunum upp á fjölbreyttari efnivið.	Meiri hópa- skiptingu barnanna.	Með því að deildarstjóri búi til skipulag sem að starfsmenn hjálpast að við að fylgja eftir.	Hópaskiptingu sem miðar við 5 börn í hóp, sem að sér til þess að börn fái að leika og nota fjölbreyttan efnivið sem að örvar bæði mál- og hreyfiproska á ólíkan hátt ásamt því að stuðla að bættri félagsfærni.	Notast er við að halda vel utan um skráningar ásamt því að halda reglulega deildarfundi þar sem að starfsmenn geta deilt reynslu og árangri barnanna, séð hvort eða hvar þarfnast umbóta í hópaskiptingunni.
	Hefst: Hausti 2023 Lokið: Vor 2024 Ábyrgðaraðili: Deildarstjóri			



6 Innra mat – Mói

Frá upphafi hefur fjölbreyttur og fjörugur hópur af börnum og starfsfólki leikið og lært saman á Móa. Mói er 15 barna deild og eru börnin á milli 3-6 ára gömul. Í fyrra sumar útskrifaðist eitt barn af Móa en núna í 2023 útskrifuðust 4 börn frá okkur og gengu báðar útskriftar athafnir frábærlega. Starfsmannavelta hefur átt sér stað yfir skólaárið en mönnun á deildinni hefur verið frekar stöðug upp á síðkastið.

Mikil fjölmenning á sér stað á Móa og eru megnið af börnunum fjöltyngd (10/15), sem bíður upp á margskonar áskoranir jafnt og lærdómstækifæri. Við höfum sett í gang bæði „Gefðu 10“, „Tákn með tali“ og „Lubbi finnur málbein“ til að auka málkunnáttu og íslenskufærni barnanna. Okkur hefur gengið ágætlega þegar kemur að málörvun, og ætlum við endurskoða verklagið og bæta okkur núna í haust. Í upphafi skólaársins vorum við enn þá að vinna í dagskipulaginu okkar, en effir áramót hefur okkur gengið mjög vel að halda okkur í góðri rúfínu. Við höldum samverustund og borðum ávexti saman rétt effir morgunmat og ef veður leyfir förum við beint í útiveru.

Við höfum verið að hafa rólega stund strax effir hádegismat í staðinn fyrir hvíld, enda eru börnin á Móa hætt að sofa í leikskólanum. Í rólegri stund dimmum við ljósinn og drögum fyrir, setjum dýnur og kotta á gólfið og hlustum á sögu sem börnin velja. Það er í boði að tala látt saman við félagana eða skoða bók ef börnin hafa ekki áhuga á sögunni. Þessi dýrmæti tími gefur börnunum tækifæri til að slaka aðeins á áður en frjáls leikur, hópastarf, eða útivera hefst.

Annars hafa starfsmenn á deildinni verið að skipuleggja hópastarf sem við köllum Gæðastund, þar sem hópur af 3-6 börnum fá tækifæri til að eiga skemmtilega stund í rólegheitum með einum starfsmanni. Gæðastundir geta innihaldið skapandi verkefni, útinám, jóga, tónlist, fönður og list, málörvun eða jafnvel eitthvað sem börnin stinga upp á. Stundum eru börnunum hópaskipt en oftast fá þau að velja verkefni/viðfangsefni effir áhuga. Þetta ár hefur verið bæði skemmtilegt og viðburðaríkt, og hlökkum við til að þróa starfið okkar inni á Móa og takast á við allar áskoranir sem fylgir svona fjörugum barnahópi.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málörvun	Mikil fjölmenning á deildinni, af 15 börnum eru einungis 5 börn sem tala	Skipuleggja markvissa málörvun, og veita starfsfólki frekari fræðslu um lykilkætti málörvunar.	Reglulegir deildarfundir á tveggja til fjöggra vikna fresti til að rýna í verklag.	Markvissar málörvunar stundir 2x í viku. Skipuleggja Gefðu 10 og



	<p>bara íslensku heima frá. Við höfum sett í gang Gefðu 10 og Lubba málörvunar stundir fyrir börn sem þurfa á því að halda, en vegna veikinda og mannekleu hefur gengið illa að halda utan um þessi verkefni. Markvissari málörvun má gjarnan bæta, og þarf að úthluta verkefnum til viðeigandi starfsmanna og tryggja undirbúnings-tíma þeirra.</p>	<p>Bæta þarf hvað varðar skýrt skipulag og utan umhald í Gefðu 10 og skoða þarf ef við viljum halda áfram með Lubba og/eða bæta við Tákn Með Tali.</p> <p>Bæta þarf lestur inn á deild í frjálsum leik og í hópastarfi.</p>	<p>Stöðumats-fundir á milli deildarstjóra og starfsfólks til að meta hvernig gengur að framkvæma úthlutuð verkefni eins og málörvunarstundir og Gefðu 10, Tákn Með Tali og svo framvegis.</p>	<p>halda skráning utan um hvert barn með t.d. tjékklista til að tryggja að allir fá sínar 10 mínútur.</p> <p>15 mín samveru-stund sem inniheldur söng og/eða lestur daglega.</p> <p>Hver starfsmaður les eina bók á dag.</p>
<p>Hefst: Hausti 2023 Lokið: Vor 2024 Ábyrgðaraðili: Deildarstjóri heldur utan um dags- og verkefna skipulag og sér til þess að starfsmenn sinna úthlutuðum verkefnum. Starfsmenn sinna</p>				



	ákveðnum verkefnum eftir styrkleika t.d. Gefðu 10, Lubba, Jóga, Listasmiðjur og svo framvegis.			
Útivera	Vegna mannekleu og óveðurs í vetur var útivera ekki nægilega markviss, en hefur gengið betur eftir að veikindi hafa skánað.	Útivera þarf að vera hátt í forgangs röðun hjá starfsfólki. Fræða þarf starfsfólk um mikilvægi útiveru og innleiða jákvætt viðhorf gagnvart veðrinu og garðinum.	Starfsfólk metur á deildarfundum hversu vel gengur að fara út að leika.	Útivera sett í forgang, börnin fara út að leika a.m.k. einu sinni á hverjum degi ef veður leyfir.
	Hefst: Haust 2023 Lokið: Vor 2024 Ábyrgðaraðili: Deildarstjóri.			
Skipulag	Dagsskipulag inni á deildinni og skipulagt hópastarf mætti bæta, þurfum við að móta skýra stefnu um hópastarf og finna þarf dagskipulag sem tryggir vellíðan og velgengni barna og starfsfólks.	Til að halda utan um dagsskipulag myndi hjálpa að vera með klukku í öllum herbergjum og við matarborðið. Dagsskipulag er ekki tímastýrt hjá okkur fyrir utan samverustund á morgnana, matartímanna og 30 mínútna rólega stund í kjölfar hádegismats, restin af deginum er þá laus fyrir frjálsan leik, útiveru og hópastarf. Upplýsa þarf starfsmenn betur um dagskipulag t.d. hvenær	Reglulegir deildarfundir til að rýna í verklag, og stöðumatsfundir á milli deildarstjóra og starfsfólks til að meta hvernig gengur að framkvæma úthlutuð verkefni s.s. hópastarf.	Haldið fast í rúttínu og dagsskipulag. Hver hópur fer í hópastarf a.m.k. 2x í viku.



		morgunmatur/hádegis matur er búinn og hvenær þarf að koma inn úr útiveru til að tryggja að börnin fá að borða á réttum tíma.		
	Hefst: Hausti 2023 Lokið: Vori 2024 Ábyrgðaraðili: Deildarstjóri í samstarfi við starfsfólk			
Skráningar	Fjöldi uppeldisfræðilegar skráningar þarf að auka, starfsmenn hafa verið að skrá hér og þar en þurfum við að halda utan skráningar betur og tryggja að starfsmenn fái undirbúnings-tíma til að gera skráningar.	Faglærðir starfsmenn veita fræðslu um tilgang og framkvæmd uppeldisfræðilegra skráninga í anda Reggio Emilia, og úthluta viðeigandi lesefni sem starfsfólk getur farið yfir í undirbúnings-tíma.	Meið verður fjöldi af uppeldisfræðilegum skráningum sem bætist í ferilmöppu hvers barns í janúar og júní 2024.	Hver starfsmaður framkvæmir eina uppeldisfræðilega skráningu yfir skólaárið, hægt er að gera ljósmyndaskráningu, leikskráningu o.fl. um einstakling eða hóp. Ef gerð er skráning um hópa af börnum fær hvert barn eintak í sína feril möppu.
	Hefst: Hausti 2023 Lokið: Vori 2024 Ábyrgðaraðili: Deildarstjóri heldur utan um dags- og verkefna skipulag og sér til þess að starfsmenn sinna úthlutuðum verkefnum.			



Undir- búningstími starfsfólks	<p>Erfitt hefur verið að tryggja undirbúningstíma starfsfólks til að skipuleggja hópastarfið og skráningar en nú höfum við komið í gang dagsskipulagi þar sem hver starfsmaður hefur fastan undirbúningstíma og hefur það gengið betur.</p>	<p>Halda áfram að reyna okkar besta að tryggja undirbúningstíma allra starfsmanna.</p> <p>Einnig tryggja að starfsfólk sé vel upplýst um verkefni á þeirra ábyrgð sem þau eiga að framkvæma í undirbúningstíma.</p>	<p>Reglulegir deildarfundir til að rýna í verklag, og stuttir stöðumatsfundir á milli deildarstjóra og starfsfólks til að meta hvernig gengur að vinna í viðeigandi verkefnum.</p>	<p>Hver starfsmaður fær sinn undirbúningstíma í hverri viku.</p> <p>Hver starfsmaður fær að vinna í verkefnum út frá þeirra styrkleika og áhugamálum.</p>
	<p>Hefst: Hausti 2023</p> <p>Lokið: Vor 2024</p> <p>Ábyrgðaraðili: Deildarstjóri heldur utan um dags- og verkefna skipulag og sér til þess að starfsmenn sinna úthlutuðum verkefnum.</p>			



7 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2022-2023

<p>Skipulagning sérkennslu 2022-2023 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Sérkennslan er skipulögð með það að leiðarljósi að öll börn séu hluti af hópnum og að þau taki þátt í leik og starfi eins og hægt er. Í byrjun árs voru tveir starfsmenn sem sinntu stuðningi en voru orðnir fjórir í lok skólaársins. Hvert þeirra tilheyrði ákveðinni deild og hafði það hlutverk að sinna stuðningi við ákveðið barn/börn á deildinni. Stuðningshlutverkið var ólíkt á milli deilda og fór eftir aldri og þroska barnanna. Sem dæmi má nefna aðstoð við daglegar athafnir eins og að borða, klæða sig og þvo sér, aðstoð við leik og félagsleg samskipti, málörvun í gegnum leik, þjálfun grófhreyfinga og margt fleira. Sum barnanna fengu einnig vinnustundir utan deildar en við nýtum slíkar aðstæður til að kenna og æfa nýja færni á markvissan hátt, alltaf með það að markmiði að yfirfæra færni í daglegar aðstæður. Skráningu var ábótavant hjá okkur í vetur og í raun lífið til af þeim nema skráning á markmiðum í einstaklingsnámskrá og fundargerðir eftir teymisfundum. Við lögðum áherslu á gott samstarf við foreldra þeirra barna sem fengu stuðning og höfðum teymisfundum reglulega með nokkurra vikna millibili.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>Við leggjum áherslu á að mæta hverju barni eins og það er og höfum upplýsingar frá foreldrum og teymi barnsins til grundvallar í öllu mati. Við söfnum upplýsingum til dæmis um áhugasvið barnsins, styrkleika og þá færni sem foreldrum þykir mikilvægt að efla. Auk þess notum við formlegri matstæki svo sem AEPS, EFI-2, HLJÓM-2 og TRAS.</p>
<p>Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Það fór mikill tími í að útbúa og finna til ýmis námsgögn þar sem leikskólinn er nýr. Við höfum notað efnið Orðaleik við gerð námsefnis ásamt myndum af Tákn með tali. Eitthvað er til af aðkeyptum efnivið til sérkennslu, t.d. orðaforðabingó og annað, en það efni hefur nýst okkur minna.</p>



Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skráningar	Halda skráningu um stuðning og þjálfun. Hafa einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem fá stuðning.	Setja upp markmið/áætlun og skráningarblöð og hafa á aðgengilegum stað fyrir öll börn sem fá stuðning. Festa í dagskrá reglulegt samráð stuðningsaðila og sérkennslustjóra til að fara yfir skráningar.	Fara yfir skráningar fyrir teymisfundum og meta hvernig hefur gengið að skrá undanfarnar vikur. Fundir eru vanalega á 5-8 vikna fresti.	Að það séu fullnægjandi skráningar til yfir þá þjálfun og stuðning sem börnin fá.
	Hefst: Haust 2023 Lokið: Vor 2024 Ábyrgðaraðili: Sérkennslustjóri			

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Leikskólinn fékk ekki úthlutað fjármagni á seinasta ári þar sem hann er nýr.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Unnið er markvisst með orðaforða í öllum athöfnum dagsins með því að leggja orð á allt, vera með sjónrænt efni og nota Tákni með tali. Skipulagið er mismunandi milli deilda en áhersla er lögð á lestur bóka, söng, tónlist og samskipti í leik. Allar deildir hafa tekið „gefðu 10“ á ákveðnum tímabilum.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Mætti vera markvissari vinna á þessu sviði, sérstaklega með eldri börn sem hafa verið í íslensku málumhverfi í nokkurn tíma. Les- og samverustundir hafa mest farið í að auka við grunnorðaforða en það mætti setja



	markvissari áætlun um að kenna dýpri orðaforða og flóknara mál.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Það hefur ekki verið gert á markvissan hátt í vetur. Höfum rætt framfarir óformlega. Þessi börn hafa ekki verið með einstaklingsáætlanir. Til eru matslistar sem búnir voru til út frá Hæfnirömmum í íslensku fyrir fjöltyngd börn en þeir eru ekki enn komnir í notkun.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Unnið er með alla þessa þætti í leik og starfi gegnum daginn en gott væri að setja upp markvissa áætlun um að sinna og fylgjast með þessum færniþáttum sérstaklega hjá fjöltyngdum börnum.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Mat, áætlanagerð og skráning	Það þarf að meta og fylgjast með framförum í íslensku hjá fjöltyngdum börnum	Taka stöðumat reglulega, fylla úr Hæfniramma-listana og gera áætlun í kjölfarið um hvernig má styðja við barnið áfram	Fara yfir matslista og skráningar tvisvar sinnum á önn. Fá foreldra inn í viðtal tvisvar á önn, með túlk ef þarf. Ræða málstefnu heimilis og samvinnu í málörvun á öllum tungumálum.	Viðtöl við foreldra um þeirra upplifun og fá að vita hvað þeim finnst mætti betur fara. Viðtöl við börnin sjálf eftir aldri og getu. Mat starfsfólks á stöðu og færni barnsins í leikskólanum. Miða við að Hæfnirammarnir séu útfylltir fyrir öll börn sem hafa enga íslensku í málumhverfi utan leikskólans.
	Hefst: Hausti 2023 Lokið: Vor 2024 Ábyrgðaraðili: Deildarstjórar, sérkennslustjóri og tengiliður fjölmenningar			



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Það reyndist erfitt að taka frá tíma fyrir starfsþróunarsamtöl því þegar búið var að setja þau niður kom alltaf eitthvað upp á. Búið er að taka 3 af 24 þegar þetta er ritað en við höldum ótrauð áfram.

Við nýttum starfsdagana okkar vel og var í boði fjölbreytt fræðsla og var fólk duglegt að sækja sér fræðslu yfir árið.

- Herdís Storgaard hélt skyndihjálparnámskeið fyrir allan hópinn.
- Guðrún Alda Harðardóttir hélt fyrirlestur um Reggio Emilia hugmyndafræðina.
- Við fórum öll á ráðstefnuna á Degi leikskólans.
- Anna Gréta Guðmundsdóttir með fræðslu um skapandi starf og skráningar.
- Við fórum í námsferð á Akranes og heimsóttum Garðasel sem er glænýr skóli og leikskólann Teigasel. Mjög skemmtileg og áhugaverð ferð.
- Þrír fóru á afmæliráðstefnu Rannung þar sem meðal annars einn kennari í leikskólanum hélt erindi. Erindið fjallaði um efni verðlauna lokaritgerðar og snérist um upplifun erlendra foreldra af þátttöku í leikskólasamfélagi.
- Þrír fóru á ráðstefnu Rannung um hæglátt leikskólastarf.
- Fjórir tóku þátt í námskeiðum Menntafléttunnar. Það voru námskeiðin „Fyrstu skrefin í leikskólanum“, „Talaðu við mig. Gæðamálörvun í leikskólum“ og „Vísindasmiðjur fyrir yngstu börnin í leikskólanum“.
- Tveir starfsmenn voru á Íslenskunámskeiði í vetur hjá Mími.
- Einn starfsmaður kláraði diplómu í íslenskubró yfir í kennslu- og uppeldisstörf.
- Einn starfsmaður lauk leikskólalíða- og stuðningsfulltrúanámi.
- Tveir starfsmenn voru í kennaranámi, annar á stutt eftir í B.Ed. gráðuna og hinn klárar masterinn um áramót.
- Einn starfsmaður útskrifaðist með M.Ed. í stjórnun menntastofnana.
- Einn starfsmaður útskrifaðist sem doktor í leikskólakennarafræðum.
- Einn starfsmaður skrifaði grein í fræðitímarit um sköpun.

Fræðslan sem er áætluð fyrir næsta ár er:

- Fræðsla um barnasáttmálann
- Námskeið um einingakubba
- Menntafléttan, Menntakvika og Menntastefnumótið



7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Við erum ekki komin í neitt formlegt samstarf við grunnskóla og frístund. En ætlum að bæta úr því á næsta skólaári. Þetta árið vorum við að heimsækja 4 skóla þar sem elstu börnin okkar voru að fara í 4 mismunandi skóla en einungis var haldinn skilafundur í Melaskóla.

8 Foreldrasamvinna

Foreldrafélag var formlega stofnað á vormánuðum en það hefur tekið langan tíma að fá félagið skráð. Leikskólinn hefur þurft að standa straum af útgjöldum vegna sumarhátíðar, jólaskemmtunar o.fl. á meðan við bíðum eftir að fá félagið formlega starfhæft.

Fyrsta foreldrakaffið okkar var síðan í febrúar í vikunni þegar dagur leikskólans var. Þá buðum við foreldrum í morgunmat á mánudegi og vöflukaffi síðdegis á föstudegi í sömu vikunni og var mjög vel mætt og góð stemmning.

Foreldrum var boðið að fagna með okkur á 1. árs afmælinu okkar og var boðið upp köku, ískaffi og Ævintýradjúsi. Í afmælinu frumsýndum við kynningarmyndbandið okkar og breyttum undirbúningsherberginu í bíósal. Listasmiðjustýran bauð gestum og gangandi að mála samvinnumálverk á striga.

Foreldrasamtöl voru einu sinni á önn og var mjög góð þátttaka. Deildarstjórar hafa einnig verið mjög duglegir við að senda föstudagspóst til foreldra þar sem þeir upplýsa um hvað hefur verið að gerast í leikskólanum þá vikuna.

Facebooksíða foreldra var stofnuð á vormánuðum af foreldrafélaginu.

Foreldraráð skipa:

Alma Mjöll Ólafsdóttir
Anton Örn Elfarsson
Sólveig Ásta Sigurðardóttir

Foreldrafélag skipa:

Emilía Helgadóttir
Helga Hrafnadóttir
Helga Birna Pétursdóttir
Magnús Örn Agnesar



9 Skipulagsdagar

21.ágúst

29.september (sameiginlegur starfsdagur með Melaskóla) - Menntakvika

3. nóvember

2.janúar (sameiginlegur starfsdagur með Melaskóla)

2.apríl

17.maí (sameiginlegur starfsdagur með Melaskóla) - Menntastefnumót

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 1 - Leikskóladagatal

10.2 Fylgiskjal 2 – Aðgerðaráætlun - Réttindi barna á Íslandi

10.3 Fylgiskjal 3 – Framvinda í verkefninu Réttindi barna á Íslandi

10.4 Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning



Samband Íslenskra sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2023 - 2024

Nafn skóla:

Avinýrabraug við Eggersstötu

AGUST	SEPTEMBER	OCTOBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANUAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MÁI	JÚNÍ	JÚLÍ
1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 F	1 M	1 F	1 F	1 M	1 M	1 L	1 M
2 M	2 L	2 M	2 F	2 L	2 D	2 L	2 D	2 Þ	2 F	2 S	2 Þ
3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M
4 F	4 M	4 M	4 L	4 M	4 S	4 M	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F
5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 Þ	5 M	5 D	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F
6 S	6 M	6 F	6 M	6 L	6 L	6 Þ	6 L	6 L	6 M	6 F	6 L
7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 S
8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 F	8 M	8 F	8 F	8 M	8 M	8 L	8 M
9 M	9 L	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ
10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M	10 F	10 M	10 M
11 F	11 M	11 M	11 M	11 L	11 F	11 S	11 M	11 L	11 F	11 Þ	11 F
12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 M	12 S	12 F	12 S	12 M	12 F
13 S	13 M	13 F	13 M	13 L	13 Þ	13 M	13 M	13 L	13 M	13 F	13 L
14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 S
15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 F	15 M	15 F	15 F	15 M	15 M	15 L	15 M
16 M	16 L	16 M	16 Þ	16 F	16 Þ	16 L	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 Þ
17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 L	17 S	17 M	17 F	17 M	17 M
18 F	18 M	18 F	18 M	18 L	18 F	18 S	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F
19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 M	19 F	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 F
20 S	20 M	20 F	20 M	20 L	20 Þ	20 M	20 L	20 L	20 M	20 F	20 L
21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 S
22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 F	22 M	22 F	22 F	22 M	22 M	22 L	22 M
23 M	23 L	23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ
24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 L	24 M	24 M	24 F	24 M	24 M
25 F	25 M	25 M	25 M	25 F	25 S	25 M	25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 F
26 L	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F	26 M	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F
27 S	27 M	27 L	27 Þ	27 F	27 M	27 M	27 L	27 L	27 M	27 F	27 L
28 M	28 F	28 M	28 F	28 M	28 S	28 F	28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 S
29 Þ	29 F	29 L	29 M	29 F	29 M	29 F	29 M	29 M	29 L	29 F	29 M
30 M	30 L	30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 L	30 L	30 Þ	30 F	30 F	30 Þ
31 F	31 Þ	31 M	31 S	31 M	31 M	31 S	31 S	31 F	31 F	31 M	31 M

Leikskólar eru lokadír sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagur nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið hálfrir dagar eða heilir. Leikskólagjöld þakka ekki vegna þessa. Þó m er sem dæla í leikskólum Reykjavíkur borgar taka að lágmarki tuttugu vika daga í sumariþví. Leikskólastöðin ákveður, að hófdu samráði við starfsmen og foreldrað viðkomandi leikskóla hvort leikskólin verði opin allt sumarið eða loki samfélt í tíu til tuttugu vika.

Fylgiskjal 1



Fylgiskjal 2



Aðgerðaráætlun – Réttindi barna á Íslandi

Ágúst/september

Fundir

- 15-26.ágúst – Anna Magnea og Hrönn koma í heimsókn
- 11. september 9-11 í Bríetartúni

Fræðsla

- Kynning á barnasáttmálaverkefninu og hvað við höfum rætt/gert á skipulagsdegi 21.ágúst. Fá kynningu frá Eddu S.
- Skráningar frá heimsókn hengdar upp

Matsalur

- Matsalur skipulagður – keypt borð
- Litlar könnur með loki keyptar
- Fundin betri lausn á því hvar börn skafa af diskunum sínum og setja hnífapör
- Keypt áhöld sem henta börnunum og tækifæri og hindranir kortlögð.

Hópastarf

- Hópastarf skoðað og hvernig hægt er að útfæra hópastarf sem stuðlar einnig að því að börnin hafi eitthvað um daginn sinn að segja og hverjum þau eru með. Samhljómur á milli deilda.

Barnasáttmálaverkefni

- Elstu tvær deildirnar velja sér verkefni úr verkefnahefti Unicef og vinna með þar sem hinar eru í aðlögun.

Mat

- Á stjórnendafundi í lok september – farið yfir heimsókn í Bríetartún.

Tjékklisti

- Var kynning í ágúst
- Er búið að skipuleggja matsal
- Er búið að kaupa það sem þarf í matsal
- Er búið að kortleggja tækifæri og hindranir í hópastarfi
- Eitt verkefni/fræðsla um Barnasáttmálann unnið
- Var farið yfir verkefnið á stjórnendafundi
- Var hengd upp skráning frá Bríetartúni

Annað/nánari útskýringar





Aðgerðaráætlun – Réttindi barna á Íslandi

Október/nóvember

Fundir

- 2.október 9-11 í Gullborg
- 6.nóvember 9-11 í Laugasól

Fræðsla

- Gera Barnasáttmálann sýnilegan í starfinu t.d. með því að hengja upp myndir, setja hann inn á kaffistofu, benda á fræðsluefni fyrir starfsfólk í undirbúningstímum.
- Skráningar frá heimsóknum hengdar upp.

Matsalur

- Innleiðing á nýrri nálgun í matsal, allir velja af hlaðborði og mögulega flæðimatur.

Hópastarf

- Prófum okkur áfram í hópastarfinu og skráum hvað er að gerast. Endurmetið og þróað áfram.

Barnasáttmálaverkefni

- Elstu tvær deildirnar velja sér verkefni úr verkefnahefti Unicef og vinna með.

Mat

- Á starfsdegi í nóvember farið yfir hvernig gengur með matsalinn og hópastarfið.
- Á stjórnendafundi í byrjun október – farið yfir heimsókn í Gullborg.
- Á stjórnendafundi miðjan nóvember – farið yfir heimsókn í Laugasól.

Tjékklisti

- Var fræðsla um Barnasáttmálann sýnileg og aðgengileg starfsfólki og börnum.
- Umræður um hvernig hópastarfið gengur á stjórnendafundi.
- Eitt verkefni/fræðsla um Barnasáttmálann unnið
- Var matsalurinn og hópastarfið metið á starfsdegi.
- Var farið yfir verkefnið á stjórnendafundum.
- Voru hengdar upp skráningar frá Gullborg og Laugasól

Annað/nánari útskýringar





Aðgerðaráætlun – Réttindi barna á Íslandi

Janúar/febrúar

Fundir

- 5.febrúar 9-11 í Vinagerði

Fræðsla

- Fræðsla fyrir starfsfólk á starfsdegi í janúar.
- Gerum stutt myndband um hvernig réttindi barna birtast í matsalnum hjá okkur og jafnvel annað um starfið inn á deild s.s. bleyjuskiptingar o.fl.
- Skráningar frá heimsókn hengdar upp

Hópastarf og matmálstími

- Þróun og innleiðing.

Barnasáttmálaverkefni

- Allar deildir velja sér verkefni úr verkefnahefti Unicef og vinna með.

Mat

- Á starfsdegi í janúar – framgangur verkefnisins metinn með umræðum.
- Á stjórnendafundi miðjan febrúar – farið yfir heimsókn í Vinagerði.

Tjékklisti

- Er myndband um matsalinn tilbúið.
- Er verið að innleiða breytingar í hópastarfi.
- Eitt verkefni/fræðsla um Barnasáttmálann unnið
- Var verkefnið metið á starfsdegi í janúar.
- Var farið yfir verkefnið á stjórnendafundi.
- Var hengd upp skráning frá Vinagerði

Annað/nánari útskýringar





Aðgerðaráætlun – Réttindi barna á Íslandi

Mars/apríl/maí

Fundir

- 4.mars 9-11 tökum við á móti skólunum og segjum frá okkar starfi.
- 8.apríl 9-11 í Ævintýraborg við Nauthólsveg
- 6.maí 9-11 í Borgartúni – samantekt og endurmat

Fræðsla og mat

- Samantekt á þeim atriðum sem við höfum rætt og unnið með. Hvað þarf að vinna með áfram og hvað teljum við að gangi vel.
- Deildarstjórar taka saman kynningu á starfsdegi í apríl um það sem hefur verið skoðað og hvað hefur breyst. Þessar áherslur ræddar og mótaðar.
- Stöðumat starfsfólks – unnið á deildum.
- Skráningar frá heimsókn hengdar upp
- Á stjórnendafundi um miðjan apríl – farið yfir heimsókn í Ævintýraborg við Nauthólsveg.
- Mat á verkefninu kynnt á fundi 6.maí.

Barnasáttmálaverkefni

- Allar deildir velja sér verkefni úr verkefnahefti Unicef og vinna með.

Tjékklisti

- Var verkefnið kynnt frekar, rætt og metið á starfsdegi í apríl.
- Er búið að framkvæma stöðumat starfsfólks.
- Er búið að taka stöðumat á matartímanum og hópastarfi.
- Var farið yfir verkefnið á stjórnendafundi.
- Eitt verkefni/fræðsla um Barnasáttmálann unnið
- Er búið að setja niður áætlun um framhaldið.
- Var hengd upp skráning frá Nauthólsvegi

Annað/nánari útskýringar



Fylgiskjal 3

Barnasáttmálaverkefnið - framvinda

Fjara

- Upphaflega var unnið með samverustundir vegna þess að starfsmenn voru ekki sammála um þær kröfur sem ætti að setja á börnin.
- Í upphafi voru prófaðar opnar söngstundir, tilkynnt að nú sé verið að fara að syngja – allt opið en börnin sóttu rosa mikið í að vera með. Þau héldu þetta út í alveg 10 mín en þá var oftast einhver staðinn upp og farinn að leika.
- Þegar á leið á veturinn jókst einbeitningin og núna eru börnin orðin mjög dugleg í taka þátt í söngstundum og sögustundum og sitja og taka þátt.
- Hvíldin fór síðan í þróun. Verið að skoða hvað má gera í hvíld, hvernig reglur, tónlist og svo tíminn, hvenær þegar farið er inn í hvíldina. Sum börn sofa í vagni. Verið að skoða hvernig er hægt að bæta hvíldina. Réttindi og þarfir.
- Bleyjuskipti, börnin merkja sjálf við. Barn hefur komið með og verið að skipta á bangsanum sínum.

Áskoranir/ígrundun

- Starfsmenn ekki sammála í upphafi um hvaða kröfur ætti að setja á börnin.
- Búið að vera mjög mikil ígrundun á deildinni með allskonar.

Tjörn

- Upphaflega var unnið með aðlögun – Við erum með mismunandi fjölskyldur, börnin sofa á mismunandi tímum, borða ólíkan mat, sumir eru rétt að byrja að borða, foreldrar barna mismunandi öruggir, erlendir foreldrar óöruggari.
- Prófað að auka samvinnu við foreldra í hverri aðlögun. Mikill munur á foreldrum sem fá miklar upplýsingar.
- Fá hugmyndir frá foreldrum um leikefni og skipulag á deildinni
- Skráning er mynd af námsumhverfinu þeirra. Hafa áhrif á hvaða myndir eru í skráningum – skoða í augum hvort þetta sé eitthvað sem þeim finnst gaman.
- Skoðuðum einnig hvíldina, þau eru að fara á mismunandi tíma í hvíldina. Þau voru þreytt á mismunandi tímum. Það er rólegt inn á deild. Fínt mjúkt horn við gluggann, þar má lesa og liggja eða teikna. Þegar þau farin að geispa þá spurð hvort þau vilja fara í hvíld. Þau eru að taka málörvun á þessum tíma – í horninu. Flæði í hvíldinni. Þau sem vilja ekki fara strax í hvíldina, þau róa sig niður frammi. Að auka persónulegt svigrúm barnanna í samband við hvíldina. . Spyryja um hvíld, hvernig er verið að gera heima. Reyna að hafa líkt og á heimilinu. Eitt barn les t.d. alltaf tvær bækur fyrir svefn heima og líka í leikskólanum. Sumir fengu dagskipulag, eitt barn gerði dagskipulagsbókina sjálfur. Öryggi foreldra rosalega mikilvægt.
- Börnin þátttakendur í að móta umhverfið, verið að lesa í hvað börnin eru að gera, hvað finnst börnunum áhugavert í umhverfinu. Á eitthvað að vera læst. Fyrst er verið að skoða áður en verið er að setja skorður.



Áskoranir/ígrundun

- Samskipti – valdefla – kennarar þurfa að vera mjög virkir hlustendur. Kennarar búnir að taka þátt og eru öruggari. Tala við börnin ekki yfir hópinn, í þeirra hæð. Hengja myndir í þeirra hæð. Sýna að það sé hlustað og tilfinningar virtar. Efla sjálfstæði og klæða sig sjálf.

Laut

- Það sem Laut vildi leggja áherslu á voru bleyjuskiptin.
- Börnin valdefldust mikið með því einu að þau voru spurð álits og hvað þau vildu t.d. vilt þú koma núna og fá nýja bleyju eða á eftir. Það var ekki í boði að fá ekki nýja bleyju en þau höfðu val um allskonar. Þau fóru að átta sig á að þau gætu komið með allskonar óskir t.d. eitt barn óskaði eftir því að notað væri volg blautþurrka en ekki köld og barn hefur sett sjálft krem á bleyjusvæðið með leiðsögn starfsmanns.
- Þegar börn eru í leik þá er þeim boðið að taka með sér dót á skiptiborðið til þess að rjúfa ekki alveg leikinn.
- Það var prófað að skipta bæði inn á baðherbergi og inn á deild en fljótlega var farið bara í að skipta inn á baðherbergi til þess að setja ákveðin mörk.
- Eitt barn vill soldið ráða hvort það fer á kopp, láta skipta, hvort það eigi að nota hanska. Það er samt alltaf notaðir hanskar þegar skipt er á kúk, sett á krem o.þ.h.
- Ætla að halda áfram í bleyjuskiptum en vilja bæta við að skoða lestur. Það er lestur í flæði en það eru ekki öll sem nýta sér það. Vilja fara í að ná öllum börnunum. Kósý að hafa þetta allt opið en jafnframt að kenna þeim mörk. Hvernig virðum við mörk mismunandi barna, hvað erum við að kenna þeim. Líkamsvitund.

Áskoranir/ígrundun

- Börnin voru mjög áhugasöm í skiptitímanum, vildu t.d. sjá kúkableyjur. Standa við hliðið, spurning hvort það væri viðeigandi að spyrja barnið sem á kúkin hvort megi sýna hann.
- Barn biður um að ákveðinn starfsmaður skipti á sér, stundum erfitt í framkvæmd en samt hægt að útskýra.
- Mikilvægt að starfsfólk útskýri ef það vill ekki verða við óskum t.d. með hanska.
- Ætla að prófa að börnin merki sjálf við, fá tröppur upp á skiptiborðið
- Ætla að halda áfram í bleyjuskiptum en vilja bæta við að skoða lestur. Það er lestur í flæði en það eru ekki öll sem nýta sér það. Vilja fara í að ná öllum börnunum. Kósý að hafa þetta allt opið en jafnframt að kenna þeim mörk. Hvernig virðum við mörk mismunandi barna, hvað erum við að kenna þeim. Líkamsvitund.

Mói

- Það sem Mói vildi leggja áherslu á var að raddir allra barna heyrist þrátt fyrir mismunandi aldur, tungumál og þroska. Réttindi á móti þörfum, vald og ábyrgð.
- Markmiðið var að allir fái að láta skoðanir sínar í ljós.
- Prófuðu að fara í hópaskiptingu og þá var mikið verið að hugsa um réttindi á móti þörfum.
- Lesturinn, þau sem hafa mest þörf á því sækja minnst í hann. Tvisvar í viku í hópastarf í 30 mín. Þar sem hópar eru skipulagðir út frá því hvað börnin þarfnast.
- Prófað að gera leiksráningar.



- Að kenna börnum að virða réttindi annarra. Vantar svolítið tungumálið, samskipti barna stundum erfið og starfsfólk þarf að túlka.
- Jólagjafasmiðjan virkaði mjög vel, allir gátu tjáð sig. Var mjög gott verkefni til þess að styrkja börnin.

Áskoranir/ígrundun

- Það vantaði á stundum að allir starfsmenn væru á sömu nótum, ekki eining á deildinni.
- Erfitt að finna línuna á milli réttinda barna og að þau fái að ráða og svo það sem þau þurfa, starfsmenn oft líka ekki með sömu skoðanir. Ég á rétt á minni rödd, á ég rétt á að fá plástur?
- Lesturinn, þau sem hafa mest þörf á því sækja minnst í hann.
- Fólk er á gjörólíkum stað með réttindi. Deildarfundir mikilvægir.



Fylgiskjal 4

Starfsáætlun 2023 – 2024
Ævintýraborg við Eggertsgötu

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Alma Mjöll Ólafsdóttir
Anton Örn Elfarsson
Sólveig Ásta Sigurðardóttir



Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð hefur tekið starfsáætlun Ævintýraborgar Eggertsgötu til greiningar og þakkar starfsmönnum fyrir vandaða skýrslu og góða lýsingu á starfi skólans.

Ævintýraborg fagnaði eins árs starfsafmæli í vor og er það sérstaklega aðdáunarvert hve mikið hefur áunnist á stuttum tíma og vill foreldraráð þakka starfsmönnum fyrir allt sitt góða og metnaðarfulla starf. Þá er sérlega ánægjulegt að sjá í starfsáætlun hvað starfsmenn hafa tekið þátt í mörgum ráðstefnum, námskeiðum og auðgað starfið með þekkingu sinni. Eins vill foreldraráð hrósa starfsmönnum skólans fyrir hvernig mismunandi deildir leggja sig fram um að móta starf sitt með ólíkar þarfir barnanna í forgrunni.

Við í foreldraráði tökum undir með skýrsluhöfundum að mikilvægt er að lagt verði áherslu á:

- stefnu í málefnum fjöltyngdra barna (bls 24) og að lögð verði áhersla á að tryggja aukinn stuðning við fjöltyngd börn og foreldra þeirra, til dæmis með innleiðingu matslista í námsskrá.
- samskiptasamning meðal starfsmanna og að sett sé stefna til að stuðla að ánægju í starfi.
- gróðurhús á leikskólasvæðinu (bls. 6). Við vonumst að sjálfsögðu til að græn útisvæði verði klár sem fyrst en gróðurhús verður vonandi sett í forgang.
- að kynna stefnu og hugmyndir skólans fyrir foreldrum/aðstandendum barna (bls 7)

Alma Mjöll Ólafsdóttir

Anton Örn Elfarsson

Sólveig Ásta Sigurðardóttir



